



ÁLFHÓLSSKÓLI

Skólanámskrá Álfhólsskóla

7. bekkur

Efnisyfirlit

7.bekkur	4
Upphaf skólastarfs í 7. bekk.....	4
Ytra skipulag.....	4
Innra skipulag	4
Reglur um umgengni spjaldtölva á miðstigi.....	5
Skólareglur.....	6
Læsisstefna.....	6
Skimanir og mat	7
Danska	8
Enska.....	11
Íslenska.....	14
Listgreinar	17
Leiklist	18
Myndlist.....	19
Tónlist.....	20
Verkgreinar	21
Heimilisfræði	22
Hönnun og smíði	23
Textíl.....	23
Bjargir í textíl fyrir kennara og nemendur	23
Náttúrufræði	24

Samfélagsfræði.....	27
Skólaþróttir.....	30
Stærðfræði	32

7.bekkur

Í árganganámskrá Álfhólsskóla fyrir 7. bekk kemur fram hvernig skólinn skipuleggur skólastarfið og kennsluna, hvaða kennsluaðferðum er beitt og hvernig staðið er að námsmati í hverri námsgrein. Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Upphaf skólastarfs í 7. bekk

Skólasetning fyrir nemendur í 7. bekk og forráðamenn þeirra fer fram á hverju hausti í sal skólans Hjallameginn við upphaf fyrsta kennsludags. Í kjölfar skólasetningar er forráðamönnum boðið inn í kennslurými viðkomandi árgangs þar sem fer fram stutt kynning á áherslum og starfi vetrarins.

Ytra skipulag

Nemendur í 7.bekki fá sex 40 mínútna kennslustundir á dag í skólanum. Skóladagur nemenda í 7.bekki hefst stundvíslega kl. 08:10. Skólinn er opinn frá kl. 07:30 og boðið upp á hafragraut í matsal skólans frá 07:45. Þó ber að nefna að ekki er gæsla á göngunum fyrr en eftir kl. 08:00 og eru þá heimastofur opnaðar. Nemendur fá morgunhressingu kl. 09:20 eða kl. 09:50 (eftir því hvort nemendur eru í list- og verkgreinum eða íþróttum/sundi í fyrstu tveimur kennslustundunum). Lögð er áhersla á að nemendur komi með holt og gott nesti svo þeir geti sinnt náminu vel og haldið góðri einbeitingu. Mælt er til þess að þeir séu eingöngu með vatn, ávexti og/eða grænmeti. Frímínútur/útvíst er kl. 09:30-09:50. Því næst er kennsla til kl. 11:10 en þá fara nemendur í 7. bekk í mat og útvíst til kl. 11:40. Forráðamenn geta skráð nemendur í mataráskrift og fá þá nemendur heitan mat í hádeginu. Þeir sem ekki eru skráðir í mat koma með nesti. Að matartímanum og útvíst lokinni er kennsla til kl. 13:00, frímínútur/útvíst til kl. 13:15 og svo líkur kennslu kl. 13:55.

Í 7.bekki er árganginum skipt upp í umsjónarhópa. Umsjónarkennararnir vinna saman sem teymi og skipta nemendum upp í vinnuhópa eftir því sem við á hverju sinni, t.d. í læsisvinnu, þar sem kemur einnig inn stuðningur frá sérkennslu og alþjóðanámsveri. Samliggjandi stofur eru skilgreindar fyrir 7.bekki hverju sinni þar sem hver umsjónarhópur á sína heimastofu og eru nemendur í tvö ár í sinni heimastofu. Þannig verða nemendur öruggari í rými sínu og þekkja það betur um leið og vinnubrögð nemenda festast betur í sessi.

Innra skipulag

Í 7. bekk er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og virka þátttöku nemenda í náminu. Mikil samþætting er í námi nemenda og er reynt að tengja læsi og lestrarkennslu við sem flestar námsgreinar. Í greinarhluta hér að neðan er greint nánar frá kennsluaðferðum og námsmatsleiðum í ólíkum námsgreinum.

Í Álfhólsskóla er rík áhersla á heimalestur og eiga nemendur í 7. bekk að lesa heima a.m.k. fimm daga vikunnar. Fjóra daga vikunnar má að hámarki setja fyrir tvö verkefni auk heimalesturs. Annað viðfangsefnið gæti verið að ljúka einhverju sem ekki tókst að ljúka í skólanum en hitt verkefnið nýtt. Heimanám birtist á Mentor.

Í lok vikunnar senda umsjónarkennarar vikupóst á foreldra í gegnum Mentor þar sem þeir koma á framfæri mikilvægum upplýsingum varðandi skólastarfið og faglegum ábendingum.

Allir nemendur í 7. bekk hafa fengið afhentar eigin spjaldtölvur frá Kópavogsbæ til notkunar í náminu.

Markmiðin með spjaldtölvuverkefni Kópavogs eru að:

- Færa námið nær daglegu lífi nemenda. Þeir fá meira um nám sitt að segja og verða ábyrgir notendur tækninnar í leik og starfi.
- Námið sniðið betur að hverjum og einum.
- Meiri ánægja og áhugi á námi, aukin ábyrgð og bættur árangur.
- Aukin fjölbreytni í námsumhverfi, nám á ferð og flugi.
- Meiri fjölbreytni í kennsluháttum.
- Meiri skólaþróun.
- Stuðningur við markmið skóla án aðgreiningar með einstaklingsmiðaðra námi.
- Stuðningur við sjálfstæði skóla þar sem hver skóli hefur sín leiðarljós.
- Vægi sköpunar og nýsköpunar í námi aukið.
- Aukin tæknikunnátta nemenda og kennara.
- Bætt upplýsinga- og miðlaesi nemenda, efling stafræntar borgaravitundar.
- Nemandinn skapar þekkingu.
- Efling lærdómssamfélagsins.
- Betri tengsl foreldra við nám nemenda og skólastarfið í heild.

Reglur um notkun spjaldtölva á hverju stigi eru í gildi í skólanum foreldrar eru ábyrgir fyrir notkun spjaldtölvanna heima. Foreldrar geta óskað eftir því að nemendur geymi spjaldtölvurnar alfarið í skólanum. Taka ber fram að samkvæmt skólareglum eru notkun annarra snjalltækja ekki heimil á skólatíma.

Reglur um umgengni spjaldtölva á miðstigi

1. Í upphafi skóladags skila nemendur spjaldtölvunni sinni til kennara þar sem hún er geymd þegar hún er ekki í notkun.
2. Kennari stýrir notkun snjalltækja í sinni kennslustund og afhendir nemendum spjaldtölvur eftir þörfum.
3. Kennari afhendir nemendum spjaldtölvur í lok skóladags og geta þeir farið með þær heim.
4. Nemendur fara ekki með spjaldtölvur eða önnur snjalltæki í íþróttir og sund.
5. Nemendur eru ekki með spjaldtölvur eða önnur snjalltæki í matsal, frímínútum eða göngum skólans fyrir og eftir kennslu.
6. Nemendur eru ekki með smáforrit eða samskiptamiðla sem þeir hafa ekki aldur til að nota í spjaldtölvunum sínum.

Um viðurlög við brot á reglum um notkun á spjaldtölvum vísast til viðlaga um brot á skólareglum.

Skólareglur

Í upphafi hvers skólaárs halda umsjónarkennarar bekkjarfundi með nemendum sínum og útbúa í sameiningu bekkjarreglur sem taka mið af skólareglum og skólamenningu. Skólareglur eru eftirfarandi:

1. Við sýnum hvert öðru virðingu.
2. Við erum stundvís.
3. Við göngum vel um.
4. Við erum ekki á faratækjum á skólalóðinni.
5. Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina án leyfis.
6. Skólinn tekur ekki ábyrgð á verðmætum.
7. Notkun snjalltækja er í samráði við kennara.
8. Við komum með holla og góða fæðu í skólann nema við sérstök tilefni.

Við berum öll ábyrgð á að fara eftir reglum skólans. Brjótí nemandi skólareglur og/eða hegðun hans óviðunandi fylgir skólinn verklagsreglum um ferli vegna slíkrar hegðunar.

Aðgerðir og viðurlög við brotum á skólareglum má finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun ár hvert.

Læsisstefna

Mennta og menningarmálaráðuneytið í samvinnu við sveitarfélög og skóla setti fram þjóðarsáttmála um læsi sem hefur það að markmiði að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Átakið skal gilda til ársins 2018 og er læsisstefna Kópavogs byggð á sama grunni eins og sjá má á heimasíðu Kópavogsbæjar. Læsisstefnuna má lesa á í heild sinni á [heimasíðu skólans](#).

Í stefnu Kópavogsbæjar eru sett fram skýr markmið til skóla bæjarins um að þeim beri að stefna að því að 90% nemenda verði læsir í lok grunnskóla eins og þjóðarsáttmálinn kveður á um. Skólarnir hafa hver um sig mótað sína eigin stefnu um hvernig þeir vilja ná þessum markmiðum.

Ný læsisstefna Álfhólsskóla hefur verið birt á heimasíðu skólans og var stefnan unnin af læsisteymi skólans, en í því sitja bæði almennir kennarar og sérkennarar af öllum aldurstigum. Markmiðið með læsisstefnu Álfhólsskóla hefur verið að fastmóta leiðir í lestri og lestrarfærni og setja fram námsmarkmið í lestrarkennslu. Læsissteymið vann að því að setja fram markvissar áherslur um lestrarkennslu og áætlanir um greiningar og próf. Niðurstöður eru ætlaðar til að finna leiðir til úrbóta. Lesskilningur og lestrarframfarir eru grunnþættir þeirrar vinnu sem þarf að vera í sífelldri þróun. Því er viðbúið að breytingar eigi sér stað bæði með nýjum leiðum og nýrri sýn á greiningar og próf.

Skimanir og mat

Í 7. bekk er lagt fyrir lesskimunarpróf Menntamálastofnunnar þrisvar á ári, eins og í öllum árgöngum skólans, og niðurstöðum skilað inn rafrænt. Þessi próf gefa sýn á hvar nemandinn er staddur í lestarferlinu. Að auki er svo stafsetningarskimunarpróf einu sinni yfir skólaárið. Aðrar skimanir, t.d. Logos skimun og talnalykill, eru lagðar fyrir eftir þörfum. Nemendur í 7.bekk fara þar að auki í samræmd próf í stærðfræði og íslensku að hausti.

Danska

Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að nýta sér þá þekkingu. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum og læra að beita málinu í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Fjöldi Íslendinga flytur til Norðurlandanna til að stunda nám eða vinnu og því mikilvægt að nemendur öðlist grunn í a.m.k. einu af Norðurlandamálunum. Megin viðfangsefni námssviðsins er áhersla á færniþættina fjóra; lestur, talað mál, hlustun og ritun. Til þess að öðlast færni í tungumálinu er mikilvægt að þessir þættir haldist allir í hendur.

Tímafjöldi á viku: Þrjár kennslustundir (40 mín) á viku.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum.

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum, beitir grunnfærni og undirstöðuatríðum í vinnubrögðum.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, temur sér gagnrýna hugsun og skoðun, fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi, tekur tillit til skoðana annarra, metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausn hátt.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> fær tækifæri á velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu, tekur tillit til skoðana annarra, kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, lærir um lýðræði og grunnstoðir samfélagsins,

	<ul style="list-style-type: none"> • tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu, • getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan og gagnrýnan hátt.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> • öðlast þekkingu á menningarlæsi s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum, • tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu, • nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu, • nýtir gagnvirkni námsefni.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> • notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína, • er virkur og tekur þátt í samvinnu.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • nýtir tæknina á skapandi hátt, • virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum, • nýtir hæfileika sína og skapar afurð.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Mikilvægt er að nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart dönsku og viti um kosti þess að læra norrænt tungumál. Helstu viðfangsefni dönskunámsins í 7.bekk snúa að nemendum sjálfum og daglegu lífi þeirra. Viðfangsefni eins og líkaminn, litir, tölur, föt, dagarnir og heimilið eru meðal efnisþátta sem teknir eru fyrir í upphafi námsins. Einnig er hlustað á t.d. tónlist o.fl. af netinu. Lögð er áhersla á að nemendur finni eigin aðferð við að lesa og skilja texta. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, s.s. bein kennsla (innlagnir), samvinnunám, hópavinna, einstaklingsvinna, hlustunaræfingar, samtalsæfingar, gagnkvirk kennsla, tónlist, spil, leikir o.fl.

Helstu markmið eru að nemendur:

- þjálfist í að hlusta á og skilja talað mál,
- öðlist skilning á texta af mismunandi gerðum,
- þjálfist í að nota tungumálið á viðeigandi hátt í samskiptum við aðra,
- geti greint á skipulegan hátt frá því sem þeir sjá eða lesa og geti tjáð skoðanir sínar,
- geti skrifað texta af mismunandi gerðum,
- kynnist menningu Norðurlandanna,
- velji efni, leita af upplýsingum, skipta með sér verkum, skipuleggja vinnu sína og leggja mat á vinnu sína.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í ensku tekin saman í eina einkunn, hæfni á námssviði, í bókstöfum og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Start og Smart les- og vinnubækur
- Fjölrituð verkefni
- Þættir og kvikmyndir
- Námsfni af neti.

Enska

Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að nýta sér þá þekkingu. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum og læra að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Enskan gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Að auki er mikilvægt að hafa gott vald á ensku þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku.

Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls.

Tímafjöldi á viku: Fjórar kennslustundir á viku (40 mín).

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum.

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> • stuðlar að jákvæðum skólabrag, • sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, • fær markvissa endurgjöf sem styrkir jákvæða sjálfmynd nemenda.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> • temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum, • fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra. • tekur tillit til skoðana annarra, • hjálpar og styður við aðra nemendur í gegnum samvinnunám, • eykur vísýni sína og læsi á aðra menningarheima.

Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> • kemur fram við aðra sitt af virðingu og tillitssemi, • vinnur eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar, • vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt, • temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra, • er hvattur til að vera virkur og sjálfstæður í verkefnavali.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> • lesi upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu, • tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir, • nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla, • vinnur með læsi í víðum skilningi í tungumálum, • þjálfar lesskilning á margbreytilegan hátt, s.s. myndlæsi og miðlalæsi.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> • tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans, • þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • virkir hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna, • nýtir hæfileika sína og skapar afurð, • vinnur skapandi verkefni.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Nemendur vinna að ýmiskonar verkefnum ýmist einstaklingslega eða í hóp. Áhersla er lögð á hlustun, tjáningu og skilning. Verkefni eru löguð að þörfum hvers og eins. Stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar koma inn í námshópa þar sem þörf er á. Viðfangsefnið er nálgast á fjölbreyttan hátt t.d. í gegnum tónlist, leiklestur, beina kennslu, verkefnavinnu, gagnvirka kennslu, leiki, spil o.fl.

Leitast er eftir því að nemendur geti:

- skilið einfalt mál, talað og ritað, er snýr að reynsluheimi þeirra,
- haldið uppi samræðum með eðlilegum framburði, hafi lykilorðaforða og kunni að beita einföldum kurteisisvenjum,
- skrifað og stafsett rétt einföld orð og setningar úr lykilorðaforða og daglega lífi þeirra og notað algengustu greinarmerki,
- sýnt fram að þeir þekki og skilji ýmsa þætti er snúa að daglegu lífi og því sem er líkt og ólíkt í eigin menningu,
- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með aðstoð kennara.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í ensku tekin saman í eina einkunn, hæfni á námssviði, í bókstöfum og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Action lesbók
- Action vinnubók
- Málfræðihefti 3
- Orðabækur - enskar
- Snara
- Ferðabæklingar – Náttúra Íslands
- Skólavefurinn – ýmsar sögur
- Léttlestrabækur 1-2 frá Oxford University

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningararfurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

Tímafjöldi á viku: Sjö kennslustundir (40 mín) á viku.

Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpættir menntunar í íslensku í 7. bekk

Grunnpáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði, fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og færni, öðlast jákvæða sjálfsmynd og jákvætt viðhorf til íslenskunáms,
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> fær verkefni og kennslu við hæfi sem og tækifæri til að rækta hæfileika sína og þrostast út frá eigin forsendum, fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, fræðist um jafnrétti og réttlæti í gegnum margskonar lestrartexta og ritun.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> eflir læsi á margvíslegan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir, fær tækifæri á að velja viðfangsefni og verkefni, les fjölbreyttan texta með gagnrýnni hugsun og leggur skilning í þá út frá þekkingu og reynslu,

	<ul style="list-style-type: none"> • tekur þátt í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín og kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> • nær tókum á tækni í lestri og ritun, gagnvirkum lestri og yndislestri, • tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu, • nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> • notar kennslubækur, veraldarvefinn og önnur hjálpargögn við vinnu sína, • tekst á við ýmis álitamál og ágreiningsefni í lesnum textum, • tekur þátt í samvinnu þar sem allir nemendur eru samábyrgir.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • túlkar sögur og ljóð sem hann les á persónulegan hátt og miðlar henni til annarra, • semur sögur og ljóð, • notar margskonar sköpun til að vinna með viðfangsefnið, t.d. skapar myndverk við texta, • nýtir tæknina á skapandi hátt, • virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Nemendum er skipt niður í fjóra til fimm hópa eftir færni í læsi. Áherslan er fyrst á fremst á læsi, lesskilning, lestrarfærni og ritun en nemendur fá einnig þjálfun í skrift og helstu málfræði- og stafsetningarreglum. Nemendur fá aðstoð sérkennara, stuðningsfulltrúa og/eða iðjubjálfa þar sem þurfa þykir. Árgangurinn vinnur með sama viðfangsefnið á sama tíma en nemendur takast á við ólík verkefni á ólíkum hraða eftir þörfum. Nemendur fá þjálfun sjálfstæðum vinnubrögðum en vinna einnig saman í hópnum sínum að úrlausn verkefna. Nemendur geta færst á milli hópa eftir því sem við á hverju sinni og eru hóparnir endurskoðaðir reglulega. Auk fyrrgreindra hópa er alþjóðaver við skólann en þar fer fram kennsla í íslensku sem annað mál (sjá nánar kaflanum íslenska sem annað mál í skólanámskrá). Þá er einnig einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í einhverfudeild út frá einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda hverju sinni (sjá nánar í skólanámskrá fyrir einhverfudeild).

Í íslenskukennslunni er leitast eftir því að nemendur geti:

- tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi,
- tjáð skoðanir sínar, sagt skipulaga frá og gert grein fyrir þekkingu sinni,
- lesið texta af gagnrýnum huga,
- ráðið yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunnar og metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga,
- kynnst ýmis konar bókmenntum,
- náð valdi á rituðu máli og miðla efni til annarra,
- styrki hæfni sína í notkun ýmisa samskiptamiðla þar sem töluðu máli, rituðu máli og hlustun er beitt,
- skrifað margvíslegan texta og tjáð sig skriflega,
- valið textagerð, málsnið og stíl sem hæfir hverju sinni,
- hafi tök á skipan efnisþátta, uppsetningu og frágangi texta,
- beitt og nýtt sér stafsetningar- og málfræðireglur við textagerð,
- gagnrýnt og endurskoðað eigin texta,
- tekið uppbyggilegri og faglegri gagnrýni annarra og nýtt sér hana til að bæta ritsmíðar sínar,
- verið viðræðuhæfir um mál og málfar,
- orðið betri málnotendur.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í íslensku tekin saman í eina einkunn, hæfni á námssviði, í bókstöfum og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Ritunarbókin eftir Lasse Ekholm
- 6+1 vídd ritunar
- finnbjorg.is
- malbjorg.is á námsgagnastofnun
- skolavefurinn.is
- Listin að spyrja (handbók fyrir kennara)
- Beinagrindur (handbók um ritun)
- Handbók um ritun og frágang.

Listgreinar

Listir eru einn þeirra grunnþátta sem mótar daglegt líf og er svo samofinn menningu, menntun og velferð hvernar manneskju að oft erum við ekki meðvituð um sérstaka tilvist lista og dagleg áhrif þeirra. Listgreinum er skipt í sviðslistir, þ.e. tónmennt, dans, leiklist og sjónlistir. Listir eru því margar ólíkar greinar þó ýmsilegt tengi þær saman. Áhersla er á sköpun, tækni, fagurfræði og gildi, verkkunnáttu, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Í listfræðslu þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat og sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýna hugsun og umræðu, sköpun og frumkvæði, ábyrgð á eigin sköpun og þá undirstöðu sjálfbærni, framsetningu, túlkun og tjáningu, menningarlæsi og samfélagsþekkingu, þekkingu á og virðingu fyrir stílum, straumum og stefnum og þá fjölmenningu. Í tónlist og leiklist þjálfar nemendur sérstaklega samvinnu í sköpun og frumkvæði og virðingu í skoðanaskiptum sem stuðlar að aukinni samlíðan, jafnrétti og lýðræðislegum vinnubrögðum. Um leið og hver listgrein er fræðigreinin sem krefst þekkingu grunnþátta tiltekinnar fræðigreinar eru listgreinar einnig góð leið til að læra aðrar námsgreinar.

Tímafjöldi á viku: 3 x 80 mínútur, 6 – 7 vikur í senn.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í listgreinum í 7.bekk

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> • beitir rétttri líkamsstöðu, • beitir áhöldum og tækjum greinanna á ábyrgan þátt, • tileinkar sér mikilvægi hreinlætis og góðrar umgengni, • fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum, • sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> • tileinkar sér fordómaleysi. sýna öllum virðingu og mismuna ekki öðrum hvað varðar kyn eða uppruna, • tileinkar sér gott siðferði og fara eftir reglum, • lærir að taka tillit til skoðanna annarra,
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> • kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, • gerir sér grein fyrir fjölbreyttum tilgangi listarinnar í samfélaginu.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> • velur með leiðsögn verkefni sem henta hverju sinni, • gerir gert sér grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefninu, • getur tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð,

	<ul style="list-style-type: none"> • getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sín.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> • tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi og samskiptum, • fær tækifæri til að standa að og sækja listviðburði, • sér tækifæri og möguleika sem liggja í að flokka og endurnýta efni og nýjan á ábyrgan hátt, • nýtir sér efni og aðstæður í nánasta umhverfi .
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • fær að tjá sig myndrænt, í hreyfingu, leik og tónum, • notar ímyndunarafl, frumkvæði og hæfileika til að þróa eigin listsköpun, • getur unnið ferli frá hugmynd til afurðar, • getur unnið skapandi ferli í samvinnu við aðra.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Árgangnum er skipt í sex hópa í list- og verkgreinum. Hver hópur fær kennslu í hverri list- og verkgrein í 6-7 vikna lotum, þrisvar sinnum í tvöfaldan tíma (80 mín.) á viku. Listgreinum er skipt upp í leiklist, tónlist og myndlist. Nemendur vinna bæði einstaklingslega og í hóp. Kennsluáðferðir eru m.a. bein kennsla, gagnvirk kennsla, uppgötvunarnám, sýnikennsla, leitarnám, hópvinna, og hlutverkaleikir. Lögð er áhersla á samþættingu við aðrar greinar, bóknáms- og list- og verkgreinar. Nemendur vinna með sama viðfangsefnið en nemendur fá verkefni og stuðning við hæfi. Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Námsmat byggir á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga. Lagt er mat á hæfni, leikni og þekkingu nemenda samkvæmt hæfniviðmiðum listgreina. Lögð er áhersla á virkni, metnað og áhuga, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, tækni og sköpun, umgengni og frágang. Nemendur vinna að rafrænni ferilmöppu í hverri grein og eru verkefni hennar höfð til grundvallar við mat á hæfni nemandans í viðkomandi listgrein. Námsmat birtist því fyrir hæfniviðmið allra listgreina en einnig gefa kennarar nemendum einkunn (bókstaf) fyrir hæfni á námssviði hvernar greinar fyrir sig, eins konar samantekt á hæfni nemandans í viðkomandi listgrein og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

Leiklist

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur

beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta. Leiklist er list augnabliksins. Leiklistarkennslan getur tekist á við þau mál sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni og brenna á nemendum. Þannig skerpist samfélagsvitund þeirra og þeir virkjast til lýðræðislegrar þátttöku. Leiklist er einnig í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Hún nýtist vel til þess að auðga og styrkja kennslu í greinum eins og móðurmáli, samfélagsfræði, sögu og erlendum tungumálum og getur þannig gegnt lykilhlutverki í samþættingu námsgreina og námssviða. Leiklistin felur einnig í sér fjölda leikja og æfinga sem geta krafist mikillar líkamlegrar virkni og útrásar.

Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Laban for actors eftir Rudolpf Laban
- Actors Prepares eftir Konstantín Stanislavski
- Aðalnámskrá sviðsbardaga frá BADC
- Leiklist í kennslu
- Leikjavefurinn.is
- Fliss.is
- Youtube.com
- Bandalag íslenskra leikfélaga

Myndlist

Í myndlist fær nemandinn tækifæri til að tjá sköpunarkraft sinn, tileikina sér tækni og þjálfa verklega hæfni. Nemendur tilfinningu sína fyrir litum, línunum og formum. Nemendur skapa myndverk og hluti og læra ferlið frá hugmynd til lokafturðar.

Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Myndmennt 1 og 2
- Hugmyndabankar á netinu
- Ýmsar heimasíður og blogg annara skóla og kennara.
- Tímarit, fag- og listaverkabækur

Tónlist

Tónlist er ein elsta og náttúrulegasta tjáningar- og skynjunarleið hvernar manneskju og er því einn grunnþáttur í tilvist hvernar manneskju. Tónlistin er samofin hrynjanda, sköpun, skynjun og tjáningu hvers einstaklings og umhverfis hans. Hún er samofin flestum öðrum þáttum í lífi hvers manns allt frá hjartslætti og lífsklukku hvers einstaklings og umhverfis hans, til menningarlegra hátíðarhalda og samfélagslegs notagildis, til tónlistar sem fræðigreinar og listforms hámenningar hvers samfélags. Tónlistin er tungumál tilfinninga og fagurfræðilegrar upplifunar. Tónlist er sjálfstæð fræðigrein sem krefst þekkingar, hæfni og leikni í grunnþáttum. Í því felst þekking grunnþátta tónlistar, hæfni til að nýta þá í eigin sköpun og framsetningu og leikni sem eflir tækni, þroskar fínhyringar, samhæfingu og samvinnu hugar, hjarta og handa. Að auki er tónlist samofin öðrum námsgreinum. Markmiðið með tónmenntarkennslunni er að fá nemendur til að taka þátt í tónlist á jákvæðan og fordómalausán hátt með fjölbreyttu verkefnavali.

Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Hugmyndabankinn „Það var lagið“
- Hljóðspor Péturs Hafþórs
- tonmennt.com
- Bækur: Tónlistarsaga æskunnar eftir Kenneth og Valerie McLeish. Sígild tónlist edtir John Stanley.
- Vefslóð: Classic FM: The Great Women Composers.
- tonmennt.is
- YouTube
- gítarsíður

Verkgreinar

Megintilgangur með námi í verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflíð, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir veга og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Verkbekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og áttað sig á atvinnu- og námstækifærum. Undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.

Tímafjöldi á viku: Sex kennslustundir (40 mín) á viku, í 5-6 vikna lotur

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í verkgreinum í 7.bekk

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> • beitir líkamanum rétt, er meðvitaður um réttar vinnustellingar og örugga umgengni á vinnusvæði, • fer eftir reglum um ábyrga notkun áhalda og tækja, • sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni, • fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum, • gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> • fær tækifæri til að rækta hæfileik sína og þroskast á eigin forsendum án fordóma, • fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, • tekur tillit til skoðanna annarra.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> • tileinkar sér almenna kurteisi í samskiptum, • femur fram af virðingu og ábyrgð, • gerir sér grein fyrir margvíslegum tilgangi verkþekkingar í samfélaginu, • fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi og aðlaga að sínu áhugasviði.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> • vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til afurðar, • velur með leiðsögn verkefni sem henta hverju sinni og rökstyður val á vinnuferlum,

	<ul style="list-style-type: none"> • getur valið og notað ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna, • getur tjáð sig um viðfangsefni sitt og notað rétt hugtök, • nýtir sér einfaldar leiðbeiningar og les í vinnuumhverfi sitt.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> • tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi sínu og samskiptum, • fær þor til að taka þátt í viðburðum og vera þátttakandi í samkomum á félagslegum grunni, • sér tækifæri og möguleika sem liggja í að flokka og endurnýta efni og nýtir efnivið á ábyrgan hátt, • gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt,
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • fær tækifæri til að tjá sig og nýta hæfileika sína í listsköpun, • þróar og vinnur með eigin hugmyndir, greinir og leitar lausna, • nýtir aðferðir og tækni á fjölbreyttan og skapandi hátt, • notar ímyndunarafl, frumkvæði og hæfileika til að skapa afurð.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Árgangnum er skipt í sex hópa. Hver hópur fær kennslu í hverri list- og verkgrein í 5- 6 vikna lotum. Reynt er að samþætta verkgreinarnar eins og tækifæri gefast til. Í grunninn er viðfangsefni allra nemendanna það sama en þó getur áherslan og verkefni verið mismunandi eftir gerð hópsins og aðlagað að einstaka nemendum. Einnig eru sérstakir færni tímar fyrir nemendur úr einhverfudeild og atferlisveri. Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Námsmat byggir á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lagt er mat á hæfni, leikni og þekkingu nemenda samkvæmt hæfniviðmiðum listgreina. Lögð er áhersla á virkni, metnað og áhuga, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, tækni og sköpun, umgengni og frágang. Nemendur vinna að rafrænni ferilmöppu í hverri grein og eru verkefni hennar höfð til grundvallar við mat á hæfni nemandans í viðkomandi verkgrein. Námsmat birtist því fyrir hæfniviðmið allra verkgreina en einnig gefa kennarar nemendum einkunn (bókstaf) fyrir hæfni á námssviði hvernar greinar fyrir sig, eins konar samantekt á hæfni nemandans í viðkomandi verkgrein og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

Heimilisfræði

Nám í heimilisfræði snýst um næringu og hollustu, matreiðslu og vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd. Með námi í heimilisfræði er stefnt að því að auðvelda nemendum að takast við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur í nútímasamfélagi. Lögð er áhersla á að nemandi kynnist undirstöðupáttum í mælingum og læri undirstöðu í vinnubrögðum við matreiðslu og bakstur. Einnig er lagt upp með að nemandi kynnist því hvað er hollt mataræði, hann þekki fæðuhringinn og læri undirstöðupætti í umhverfisvernd.

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Gott og gagnlegt 2 kennsluleiðbeiningar

- Youtube.com

Hönnun og smíði

Kennsla í smíði tekur mið af hæfileikum og getu einstaklings og stuðlar að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Nemendur fá þjálfun í að móta hugmyndir í efni með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Lögð er áhersla á að nemandinn tileinki sér vönduð vinnubrögð. Sýni ábyrga umgengni um efni, áhöld, vélar og verkstæði, sýni frumkvæði í verkefnavali og sköpun. Nemendur vinna verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra og byggja á fyrri reynslu.

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Smidakennari.is
- Forskriftarverkefni (tangram)
- woodmagasine.com

- Hönnun smíði 5. -7. bekkur,
- Málmsmíði, hönnun og tækni o.fl.

Textíl

Textíl nám byggist á þekkingu á eðli efna og vinnuferla sem og ríkri hefð fyrir nýtingu og endurnýtingu. Námsgreinin felur í sér bæði hönnun og handverk. Kennsla í textíl byggir á því að þroska og þjálf hug og hönd nemanda, kenna þeim vandvirkni og rétt vinnubrögð. Lögð er áhersla á að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfni nemanda, vekja áhuga á textíl og verkmenningu. Í textíl námi þjálfast nemendur í að beita ýmsum áhöldum, umgangast þau og þekki heiti þeirra.

Bjargir í textíl fyrir kennara og nemendur

- Hugmyndabanki kennara
- Hannyrðir í 3.- 6. bekk
- <http://vefir.nams.is/textilmennt/index.htm>
- Á prjónunum

- Alt om håndarbejde(tímarit)
- Handbækur
- Youtube.com

Náttúrufræði

Virðing og ábyrgð hvers og eins á náttúrunni og verndun hennar skiptir höuðmáli í nútímaþjóðfélagi. Brýnt er að nemendur geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem koma upp hvað varða náttúruvernd og nýtingu auðlinda. Undir náttúrugreinar í Álfhólsskóla heyra m.a. eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti þessara náttúrugreina sem stuðlar að því að nemendur skynji að þeir eru hluti af náttúrunni. Mikilvægt er að nemendur öðlist hæfni og leikni í að umgangast og njóta náttúrunnar, sem og meðvitund um ábyrgð mannsins á umhverfi sínu og mikilvægi góðs samspils hans við náttúru og tækni. Í gegnum nám í náttúrugreinum kynnast nemendur leiðum til að efla læsi á umhverfið og fá innsýn í undurstöðupætti sjálfbærrar þróunar. Þannig skynja þeir að umhverfi, velferð, efnahagur og samfélag er órofin heild. Nauðsynlegt er að nemendur fái tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita athygli, afla gagna, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum.

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrufræði í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar og rökræða álitamál sem varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi.

Tímafjöldi á viku: Þrjár kennslustundir (40 mín) á viku.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í náttúrufræði í 7. bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• getur unnið með öðrum að lausn verkefna• nýtir eigin styrkleika við vinnu verkefna• öðlist skilning á þeim áhrifum sem umhverfi, menning og samfélag getur haft á mótun einstaklingsins• þekki mikilvægi heilbrigðra lífshátta fyrir andlega og líkamlega heilsu
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum• getur farið eftir reglum við verkefnavinnu• gerir sér grein fyrir starfsemi mannlíkamans
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• virði nærsamfélag sitt• geti sagt frá hugsunum sínum, skoðunum og tilfinningum tengdum eðlis- og efnafræði, mannlíkamanum og starfsemi hans

	<ul style="list-style-type: none"> • geti valið verkefni eftir áhuga og unnið á eigin forsendum
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> • tengi einfalda eðlis- og efnafræði daglegu lífi og heimilshaldi • leysi verkefni sem stuðla að hugtakaskilningi og merkingu hugtaka • nýtir sér ólíka miðla við öflun upplýsinga
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> • ber virðingu fyrir mannlíkamanum, umhverfi sínu og lífríki jarðar • framkvæmi einfaldar tilraunir og athuganir
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • sýni áhuga á umhverfi sínu og er forvitinn um náttúruna og líkamann • uppgötv, njóti og örvi forvitni og áhuga • skynji merkingu verkefna og gildi þeirra

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Náttúrufræðikennslan byggir fyrst og fremst á á virkum umræðum, söguaðferð, tilraunum, vettvangsferðum og umfjöllunum um námsefnið. Mikil áhersla er lögð á uppgötvunarnám. Nemendur vinna að ýmiskonar verkefnum einstaklingslega og í hóp; framkvæma tilraunir, skrifa skýrslur og kynna niðurstöður ýmist myndrænt, skriflega og/eða munnlega. Lögð er áhersla á að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum við að í að afla sér upplýsinga, sannreyna tilgátur og halda utan um uppgötvunar sínar og niðurstöður með einhverjum hætti. Verkefni eru löguð að þörfum hvers og eins.

Leitast er eftir því að nemendur:

- fjalli um eðli vísinda, einfalda efnafræði og vinnubrögð,
- kynnist hugtökum náttúruvísindanna, t.d. massi, rúmmál, efnabreytingar, orka, orkunotkun og rafmagn með áherslu á tengingu við daglegt líf og heimilishald,
- læri um mannlíkamann, gerð hans og starfsemi, velferð og þroska,
- læri um það hvernig allir hlutar líkamans starfa saman, mikilvægi heilbrigðs lífennis, jákvæðrar sjálfsmýndar og félagskaps.

Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin með hæfnitáknum

og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í náttúrugreinum tekin saman í eina einkunn, hæfni á námssviði, í bókstöfum og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Nams.is
- Litróf kennsluaðferðanna
- Youtube.com
- Kahoot.com
- Vísindavefurinn
- Kritin.is
- Natturutorg.is
- Visindasmidjan.hi.is
- Fjölgreindir í skólastofunni
- Að mörgu er að hyggja
- 6h.is
- Attavitinn.is

Samfélagsfræði

Samfélagsgreinar skiptast í sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, jafnréttismál, heimspeki og siðfræði. Þessum námsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, svo sem réttlæti, frelsi, þekkingu, vináttu, virðingu og ábyrgð. Markmið samfélagsfræðigreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki. Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af vixlverkun manns og náttúru. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi, lífsleikni, siðfræði og þjóðfélagsfræði gegna einnig mikilvægu hlutverki við að styðja áræðni, frumkvæði, borgaravitund, hlutverk, ábyrgð, seiglu og sjálfsmynd nemenda. Með kennslu í samfélagsfræði er nemandinn virkjaður til þátttöku í samfélaginu með gildi og reglur þess að leiðarljósi.

Tímafjöldi á viku: Sex kennslustundir (40 mín) á viku.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í samfélagsfræði í 7. bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði, fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleika, beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, temur sér gagnrýna hugsun og skoðun, fræðist um mismunun og forréttindi fólks í viðum skilningi,
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> fær tækifæri á að velja verkefni við hæfi, tekur tillit til skoðana annarra, kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám,

	<ul style="list-style-type: none"> fær tækifæri til að læra um lýðræði,
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> öðlast þekkingu á menningarlausni, svo sem ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum, tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu, nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína, sækir sér efni á veraldarvefinn, tekur þátt í samvinnu,
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> notar margskonar sköpun til að vinna með viðfangsefnið, t.d. í list- og verkgreinum, nýtir tæknina á skapandi hátt, virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Notast er við ýmsar kennsluáferðir, s.s. bein kennsla, samvinnunám, leikir, umræður, söguaðferð, sjálfstæð vinna, margmiðlunarverkefni o.fl. Lögð er áhersla á þverfaglega vinnu. Nemendur vinna með sama viðfangsefnið en nemendur fá verkefni og stuðning við hæfi.

Leitast er eftir því að nemendur:

- vinni með samfélagslega þætti, sögu, menningu og umhverfi,
- auki vísýni og hæfni til að skilja veruleikann,
- efli sjálfsmynd og hæfni til að átta sig á sjálfum sér og öðrum,
- auki hæfni sína til að mynda og þróa tengsl við aðra.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Litróf kennsluaðferðina
- Að mörgu er að hyggja
- Leiklist í kennslu
- Listin að spyrja
- Google Earth
- Vísindavefurinn
- Skólavefurinn
- Nams.is
- Leikjavefurinn
- Vefur lýðheilsustöðvar
- Fjölgreindir í skólastofunni
- kritin.is
- Ýmis myndbönd af youtube.com
- Kennslu- og fræðslumyndbönd
- 6h.is

Skólaíþróttir

Skólaíþróttir skiptast í íþróttir og sund. Megintilgangur skólaíþróttanna er að efla líkamlegt og andlegt heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Nemendur fræðast um mikilvægi hreyfingar og heilsuefingar. Þeir kynast fjölbreyttum þjálfunaraðferðum sem auka færni þeirra og þekkingu á eigin líkama. Markmið skólaíþróttanna er að efla sjálfstraust og stuðla að betri líkamsvitund og andlegri vellíðan.

Gott líkamlegt ástand og markviss hreyfing hefur jákvæð áhrif á námsárangur barna og unglunga og styrkir þá félagslega. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að tengja saman jákvæð áhrif hreyfingar, heilbrigðs lífennis og velferðar til framtíðar. Í skólaíþróttum er leitast eftir því að koma til móts við þarfir, færni og áhugasvið nemenda í samræmi við hæfniviðmið Aðalnámsskrár grunnskóla. Helstu viðfangsefni eru grunnþjálfun, leikir, vatnsaðlögun, köfun, flot, leikfimi og knattleikir. Rík áhersla er lögð á almenna kurteisi og jákvæð samskipti.

Tímafjöldi á viku: Þrjár kennslustundir (3x40 mín) á viku.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum í 7.bekk:

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> Áttar sig á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti, stundar íþróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi, gerir sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífennis, gerir sér smátt og smátt grein fyrir jákvæðum áhrifum hreyfingar á heilsuna,
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum, fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli, ræktar hæfileika sína og tekur þátt í leikjum án fordóma,
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> hefur áhrif á einstaka kennslustundir og verkefnaval, kemur fram við samnemendur og starfsfólk af virðingu,
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> les í aðstæður, skynjar umhverfi sitt, rými og lærir að hlusta á líkama sinn, fær tækifæri til að ræða um mikilvægi heilbrigðs lífennis,
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> lærir að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu,

	<ul style="list-style-type: none"> • lærir leiki og miðlar þeim áfram, • getur sagt frá eigin vali á hreyfingu og velur leiki sem höfða til hans og veita honum ánægju,
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • býr til einfalda leiki eða setur saman stutta æfingalotu, • nýtir ímyndunarafl sitt í leik og starfi.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Ýmist er unnið á einstaklingsgrunni eða í hópavinnu. Hver og einn nemandi vinnur út frá sínum eigin forsendum og færni, oft í stöðvahring. Innlögn frá kennara er í ýmist til allra í einu eða maður á mann. Hver tími byrjar á upphitun/innlögn, þá er unnið út frá einhverju meginþema hverju sinni og endað á niðurlagi/teygjum.

Í kennslunni er áhersla á:

- hreinlæti, grunntækni og uppbyggingu þols,
- samskipti í gegnum leiki,
- fræðslu um næringu og heilbriggt lífferni,
- að læra og fylgja þeim reglum sem eru í gildi á íþrótt- og sundstöðum.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Símat sem byggir á virkni nemenda, samskiptum, færni og framförum. Hæfni nemenda er metin út frá ýmsum þrautum og æfingum. Námsmat í sundi byggir á sundstígunum (I-10). Námsmat er gefið með hæfnieinkunn og umsögn á Mentor.

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Skólaíþróttir/skólasund
- Þjálfun, heilsa, vellíðan
- Leikjavefurinn.is
- arnthorr.tripod.com

Stærðfræði

Stærðfræðin hefur verið mikilvægur hluti menningarinnar frá upphafi. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra reglur, lögmál, kerfi og mynstur. Í aldanna rás hafa hugtök og táknmál um stærðir, rými og reglur þróast í stöðugri viðleitni mannsins til að ná meiri stjórn á aðstæðum sínum og auka getu sína til aðgerða. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Tímafjöldi á viku: Fimm kennslustundir (40 mín) á viku.

Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpættir menntunar í stærðfræði í 7. bekk.

Grunnpáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> Sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum, fær tækifæri til að vinna út frá eigin styrkleikum, sýnir rétt vinnubrögð og beitir réttum vinnuaðferðum
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> fær námsefni og kennslu miðað við getu og færni,
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> ber ábyrgð á eigin námi, hefur tækifæri til að velja um einstök verkefni, þróar með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar, vegur og metur stærðfræðilausnir
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> notar táknmál, hugtök og verkfæri stærðfræðinnar sér til gagns, kynnist hugtökum stærðfræðinnar, öðlast færni í að lesa og skilja fjölbreytt stærðfræðiverkefni, geur tjáð sig um stærðfræði og útskýrt hugsun sína,
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> hugar að eigin velferð og annarra, nýtir sér möguleika hug- og tækjabúnaðar á veraldarvefnum tengdum stærðfræði

Sköpun:

- tjáir sig á fjölbreyttan hátt, t.d. með teikningum, myndum, töflum og myndritum,
- virkjar hugmyndaflugið til að finna stærðfræðilausnir

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í stærðfræði er notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Nemendur fá innlagnir frá kennurum, taka þátt í umræðum, fá þjálfun í notkun reikniaðgerða og rökhusun. Nemendur vinna einstaklingslega, í pörum eða í hópum. Námsárinu er skipt upp í ákveðna námbætti sem nemendur vinna að hverju sinni. Árgangurinn vinnur þannig með sama viðfangsefnið á sama tíma en nemendur eru með einstaklingsmiðuð verkefni eftir getu, færni, áhuga og virkni. Einnig er unnið að ákveðnum þemaverkefnum nokkrum sinnum yfir veturinn. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar sinna kennslu í minni hópum þar sem þurfa þykir. Við kennslu í stærðfræði er bæði notast við skrifleg verkefni og verkleg.

Leitast er eftir því að nemendur geti:

- tekið þátt í samræðum, tjáð sig um og útskýrt hugsun sína og rökstutt hana,
- leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að nota skapandi hugsun,
- notað hugtök, táknmál og hentug verkfæri úr stærðfræðinni,
- öðlast trú á eigin hæfni til að beita stærðfræði við margvíslegar aðstæður og leyst úr fjölbreyttu viðfangefni,
- skráð fjölda og reiknað með náttúrulegum tölum,
- tekið þátt í þróun lausnaleyða við útreikninga og skráð svör sín,
- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt og leyst einfaldar jöfnur,
- notað undirstöðu hugtök rúmfræðinnar og unnið með rúmfræðilegar færslur,
- lært að búa til líkön, teikna skýringarmyndir, áætlað og mælt ólíka mælieiginleika með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum,
- gert rannsóknir á umhverfi sínu, unnið og lesið úr þeim og sett í einföld myndrit, og tekið þátt í umræðum um gagnasöfn,
- tekið þátt í umræðum og unnið með tölfræði og líkindi.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Eins og fram kemur í Aðalnámsská grunnskóla er mat á hæfni og framförum nemenda reglubundinn þáttur í skólastarfi og órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið í stærðfræði eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í stærðfræði tekin saman í eina einkunn, hæfni á námsviði, og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- nams.is
- skolavefurinn.is
- Þrautir og annað námsefni.
- Ýmiss hjálpargögn sem nota má í kennslu svo sem segla myndir fyrir töflu, tappar, peningar, kubbar, bönd, teyjur, bréfa-kemmur, speglar og fl.
- Námsspil
- Stærðfræðiverkefni af netinu